

eftir nokkra undirbúningsvinnu á árinu 2004. Póstlistinn Skrudda og vefsetrið hvar.is eru skilgreindar upplýsingaleiðir fyrir landsaðganginn. Fulltrúar frá nokkrum útgefendum og gagnasölum komu á árinu og kynntu starfsemi sína og þjálfuðu fólk í Þjóðarbókhöðunni. Fulltrúar frá Elsevier voru þar 26. apríl, frá ProQuest 4.-5. maí, fulltrúi frá Swets 15. júní og fulltrúi frá CSA 4.-5. október, sem var á Akureyri 6. október.

Tveir eldri samningar voru ekki endurnýjaðir, *Literature Online* og *Learning Literature* frá ProQuest. Áskrift að þeim féll því niður 1. janúar 2006. Aðrir eldri samningar voru endurnýjaðir. Springer og Kluwer eru nú sameinuð undir merkjum SpringerLink. Greinar sóttar í fullri lengd bæði í gagnasöfn og tímaritasöfn urðu 609.752 á árinu 2005, gagnstætt 592.027 á árinu 2004. Þetta er aukning um 3%. Í Web of Science eru engar greinar í fullri lengd og þar er miðað við leitir. Þær voru 111.783 árið 2005 gagnstætt 107.258 á árinu 2004 sem er aukning um 4,2%. Almennt má því tala um hægan vöxt á árinu 2005 eftir hraðan vöxt notkunar árin á undan. Notkun *Britannica* og *Grove* jókst nokkuð. Notkun á ScienceDirect, Karger og Web of Science var örlitlu meiri en árið á undan en notkun á SpringerLink og ProQuest dróst saman.

Allar nánari upplýsingar eru í árs-skýrslunni og á vef landsaðgangsins, <http://hvar.is>.

Sveinn Ólafsson
umsjónarmaður landsaðgangs

hvar?
.IS

Samið um hýsingu Gagnis

Þann 13. nóvember 2005 auglýstu Ríkiskaup fyrir hönd Landskerfis bókasafna hf. nýtt útboð vegna hýsingar á bókasafnskerfinu Gagnis. Tilboð voru opnuð 10. janúar síðastliðinn og bárust samtals 17 tilboð frá 7 aðilum. Nýherji hf. átti þrjú lágstu tilboðin og þar sem engir sérstakir annmarkar fundust á þessum lágu tilboðum, var gengið til viðræðna við fyrirtækið.

Í kjölfarið undirrituðu aðilar samning um hýsingu til fjögurra ára frá 1. mars 2006 að telja.

Vélarnar sem hýst hafa Gagnis undanfarin ár eru að mati sérfræðinga óþarflega öflugar. Bókasafnskerfið nýtir vélbúnað betur en eldri bókasafnskerfi og þess vegna er óhætt að nota afkastaminni netþjóna en áður. Engu að síður eru afköst nýja búnaðarins langt yfir þeim mörkum sem farið var fram á í útboðslýsingunni. Í samningnum við Nýherja eru skilgreind viðmið um svartíma kerfisins sem notendur geta vel við unað. Þá má nefna að geymslurými diska í nýja kerfinu er rúmlega þrjú terabæti eða næstum þrefalt það sem nú er, svo borð er fyrir báru hvað varðar aukningu gagnamagns á næstu árum.

Þar sem kostnaður Landskerfis bókasafna vegna kerfishýsingar lækkar þegar eldri hýsingarsamningur rennur út um mitt þetta ár, má telja góðar líkur á að engar hækkanir verði á gjaldskrá fyrirtækisins um næstu áramót umfram verðbætur; þó skal minnt á að það er í verkahring stjórnar félagsins að taka ákvarðanir um gjaldskrána.

Við vonum að samstarfið við Nýherja reynist farsælt fyrir starfsmenn bókasafna og aðra notendur Gagnis.

Árni Sigurjónsson
Landskerfi bókasafna

Fræðslufundur skrásetjara Gagnis

Skráningarráð Gagnis, Landskerfi bókasafna og Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn boðuðu til fræðslufundar með skrásetjurum fimmtudaginn 16. mars 2006 eftir hádegi en ábyrgðarmenn voru boðaðir sérstaklega fyrir hádegi. Fundirnir voru haldnir í fyrirlestrasal Landsbókasafns Íslands.

Söfnum Gagnis hefur verið skipt í 10 hópa og tilnefndur 1-2 skrásetjari sem ábyrgðarmaður skráningar í hverjum hópi. Á fundi með forstöðumönnum safnanna á síðasta ári var gerð grein fyrir ábyrgð safnanna á bókfræðigögnunum.

Nú eru 119 virkir skrá fleiri söfn eru að fara a un. Talið er að of mar ingarheimild og að einu nægjanlegan stuðnin stærri safnanna hafa tilt og einnig Hildur Gunn rún Hauksdóttir sem h ingunni. Aðalmeiningi sögnina, aðstoða söfn se ingarheimild. Nauðsynl grein fyrir því að það þ þetta samstarf og að áby fá umbun fyrir sína stöð armanna var 100% c góðar.

Síðan var farið yfi skráningarráðs:

1. Skyldur skrásetjara. S ingarráði 10. febrúar 2
2. Reglur um afturköllun ildar. Samþykkt í skrá úar 2006.

Á fundinum eftir hádegi að Gagnir er samskrá f eins og staðan er í dag og undirstrikaðar skyld tilgangur með ábyrgðarm

Nafnmyndaskrá Gagnis un á 3ja í jólum 2005. Hí nöfn, stofnananöfn, efni en samræmda titla vanta var fjallað um uppbyggj hvernig skal velja úr nafn

Gerð var grein fyrir starfi þess. Ráðið stóð f efnisorð á síðasta ári. Er samræma efnisorð Gagnis myndaskráin sýnir ekki sem komið er. Nokkra verið gerðar á *Kerfisbun inum* sem er seinunnið v ar hafa ekki allar verið v yfir hvernig velja á e myndalista. Reglan er að heiti og efnið gefur tilefn

Sigrún Hauksdóttir til gáfa Gagnis kæmi í nokkrar breytingar sem í

Frábær mæting var á þ og finar veitingar á boðst